

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

71. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn föstudaginn 13. júní 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 13:30

Fundinn sátu: Guðbjörg Ragnarsdóttir og Ólafur Loftson frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

- 1. Fellur sérhæft viðbótarnám Háskóla Íslands fyrir starfandi kennara með leyfisbréf undir 30 ECTS eininga sérhæft viðbótarnám samkvæmt grein 1.3.2 um viðbótarlaunaflokka vegna prófa og leyfisbréfa? - 1705054SA**

**Niðurstaða:**

Viðbótargögn hafa borist samstarfsnefnd sem staðfesta að um sérhæft viðbótarnám í uppeldis- og kennslufræðum er að ræða. Um er að ræða námsleið sem Háskóli Íslands hefur boðið upp á fyrir starfandi kennara með leyfisbréf. Kennari sem lokið hefur 30 ECTS einingum í því námi á rétt á einum launaflokki samkvæmt 1. mgr. gr. 1.3.2.

- 2. Tilkynning og skráning veikinda starfsmanna - 1705035SA**

Málið lítur að því hvort sveitarfélagi er heimilt að láta veikindaskráningu og móttöku veikindatilkynninga fara í gegnum fyrirtækið Vinnuvernd og að auki í gegnum næsta yfirmann/vinnustaðinn.

**Niðurstaða**

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

- 3. Framkvæmd bóknar 1 hjá Akureyrarbæ - 1705001SA**

Samstarfsnefnd hefur nú móttækið greinargerðir frá Akureyrarbæ og BKNE. Vinna við bókun 1 er lokið og hafa umbótaáætlanir og lokaskýrsla borist frá Akureyrarbæ.

- 4. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:20